



Garðabær

Kópavogi, 18. febrúar 2021
2003236/510.00 BÓK

Borgarlínan
Forkynning á vinnslutillögu fyrir breytingu á
Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og Reykjavíkur 2010-2030

Vakin er athygli á að Kópavogur og Reykjavíkurborg hafa samþykkt að kynna drög að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaganna í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarfélögin óska eftir ábendingum umsagnaraðila um tillögurnar fyrir 30. apríl nk. Ábendingar og athugasemdir við drögin skal senda á netfangið skipulag@kopavogur.is, skipulag@reykjavik.is og á [samráðsgáttina](#).

Sveitarfélögin munu bjóða upp á sameiginlegan kynningarfund fyrir umsagnaraðila, sem haldinn verður í mars. Send verður tilkynning um fundartíma á alla umagnaraðila.

Drög að breytingartillögum í Kópavogi og Reykjavík fjalla um tillögu að legu Borgarlínunnar og tillögur að staðsetningu kjarnastöðva. Í drögum að skipulagsgögnum eru jafnframt kynntar hugmyndir að leiðbeinandi staðsetningum almennra stöðva, viðmiðum um hönnun göturýmis og forgang almenningssamgangna og virkra ferðamáta. Í drögum fyrir Reykjavík eru jafnframt kynnt áform um Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk. Umhverfisskýrsla er hluti af drögunum, sem fjallar um helstu umhverfisáhrifin m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Drög að aðalskipulagsbreytingu Kópavogsbæjar verða aðgengileg á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is/skipulag-i-kynningu og drög fyrir Reykjavík á heimasíðunni www.adalskipulag.is. Jafnframt verða ofangreind gögn aðgengileg á samráðsgáttinni, www.island.is.

Frumdrög að Borgarlínunni eru fylgigögn með skipulagsgögnunum. Í þeim er hægt að finna ítarlegri upplýsingar m.a. um ákvörðun um Borgarlínuna, framkvæmdakostnað, hönnunarforsendur, legu, valkosti, umferðarspá og umhverfisáhrif. Frumdrögin eru aðgengileg á www.borgarlinan.is.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
fh. skipulagsstjóra

Berglind Kjartansd.
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Ritari skipulagsdeildar